



ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR, ÍRA



Ljósmynd úr fjarskiptaaðstöðu Íslenskra radióamatöra í Skeljanesi í Reykjavík. Sigurður Ó. Óskarsson TF2WIN var í sambandi við radióamatör í Ástralíu frá félagsstöðinni TF3IRA þegar myndin var tekin.

ÍRA

Íslenskir radióamatörar, skammstafað ÍRA, er landsfélag radióamatöra á Íslandi og var stofnað 14. ágúst 1946. Félagið á aðild að samtökum landsfélaga radióamatöra, <http://iaru.org/> International Amateur Radio Union, IARU, svæðissamtökum þeirra IARU Region 1 og samtökum norræna landsfélaga, Nordisk Radio Amatør Union, NRAU. ÍRA hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi.

Amatör radió

Í reglugerð stjórnvalda um starfsemi okkar er amatör radió skilgreint á þennan hátt: „Þráðlaus fjarskiptapjónusta sem hefur að tilgangi eigin þjálfun, samskipti á ljósvakanum og tæknilegar athuganir sem radió-áhugamenn annast, þ.e. einstaklingar sem fengið hafa til þess heimild“.

Og einnig: „Þjónustan er eingöngu í þágu einstaklinga og má ekki nota til fjárhagslegs ávinnings.“

Til að öðlast leyfi þarf viðkomandi að gangast undir próf hjá Fjarskiptastofu. Þess má geta, að amatör radió er eina áhugamálið sem hefur réttarstöðu samkvæmt alþjóðasamningum.

Amatör radió er áhugamál, bæði hér á landi og erlendis. Það hefur gjarnan verið nefnt vísindalegt áhugamál. Sumir vilja þó halda því fram að amatör radió sé lífsstíll eða ódrepani baktería og geta flestir radióamatörar tekið undir það. Fjöldi radióamatöra í heiminum í dag er nær 5 milljónir og hér á landi hafa verið gefin út yfir 500 leyfisbréf frá upphafi (1947).

Eftir að prófi er náð

Eftir að hafa staðist próf til amatörleyfis, sem er í tveimur hlutum, annars vegar tæknipróf og hins vegar próf í reglugerð og viðskiptum, gefur Fjarskiptastofa út leyfisbréf með sérstöku kallmerki. Forskeytið er TF, þar á eftir kemur tala og síðan einn til þrír bókstafir. Dæmi um kallmerki: TF3IRA.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ í sambandi frá félagsstöðinni TF3IRA um gervitungl.

heim allan. Fjarskiptin eru stór hluti af þátttöku margra í áhugamálinu, þ.m.t. fjarskipti um gervitungl, sem flest eru smíðuð af og í eigu radióamatöra.

- Margir heillast líka af tækninni, en nánast ótakmarkaðir möguleikar eru fyrir þá sem vilja smíða eigin senda og viðtæki eða aukahluti fyrir fjarskiptin.

- Leyfishafar fá aðgang að tilgreindum tíðnisviðum sem nota má til fjarskipta til að hafa sambönd við aðra radióamatöra, bæði innanlands og um



Loftnet endurvarpans TF2RPJ og radióvitana TF1VHF hafa aðsetur í þessum turni á Mýrum í Borgarfirði. Það er Samúel Þór Hjaltalín TF3SUT sem sést uppi í turninum.

- Margir hafa mikinn áhuga á loftnetum. Heimatilbúin loftnet skipa stóran sess hjá mörgum og sumir leyfishafar fylgjast daglega með útbreiðslu radióbylgna og hafa sett sig inn í þá fræðigrein.
- Tölvur og amatör radió eru heimur út af fyrir sig. Radióamatörar tóku tölvutæknina í sína þjónustu strax í byrjun almennrar tölvuþróunar. Tölvur eru hluti af daglegri notkun flestra leyfishafa í fjarskiptunum. Þær eru t.d. notaðar til að stýra búnaði, jafnvel fjarstýra búnaði yfir netið, skrá sambönd inn í fjarskiptadagbækur og svo mætti lengi telja. Möguleikarnir eru ótrúlega margir.

Hverjir gerast radióamatörar?

Svarið er einfalt, fólk allsstaðar að úr þjóðfélaginu. Radióamatörar eru á öllum aldri, og kynjum og það eru engar kröfur gerðar um menntun; einvörðungu þarf að standast próf til amatörleyfis. Þeir sem gangast undir próf hjá stjórnvöldum yngri en 15 ára þurfa þó að leggja fram leyfi forráðamanns.

Allir eru jafnir í fjarskiptum og er kallmerkið einkenni hvers leyfishafa. Engir tveir radióamatörar í heiminum hafa sama kallmerki og er því hvert kallmerki einstakt. Eins og áður sagði byrja öll íslensk kallmerki radióamatöra á TF sem er alþjóðlegt forskeyti fyrir Ísland samkvæmt úthlutun Alþjóða fjarskiptastofnunarinnar, ITU, en sem dæmi um forskeyti kallmerkja radióamatöra í öðrum löndum, má nefna OZ í Danmörku, LA í Noregi, XE í Mexíkó o.s.frv.

Hvernig get ég notfært mér leyfið?

Radióamatörar hafa bein og milliliðalaus sambönd sín á milli með tækjum sínum. Þau fara m.a. fram á morsi, tali og stafrænum mótunarháttum, en einnig er notuð fjarritun og myndsendingar.

Algengast er að sambönd milli landa fari fram á stuttbylgjusviðinu. Fjarskiptaskilyrði geta verið breytileg. Í góðum skilyrðum þarf ekki aflmikinn sendi til að draga út fyrir landsteinana og hafa sambönd um allan heim.

Innanlands eru lægstu tíðnisviðin á stuttbylgjunni notuð til sambanda (t.d. 80 metrar). Í góðum skilyrðum má ná hvert á land sem er. Metrabylgjusviðið (og tíðnisvið ofar) er þó mest notað til sambanda yfir styttri vegalengdir innanlands.

Gervitungl radióamatöra sem svífa um háloftin, eru flest hönnuð og í eigu radióamatöra og auka á langdrægni metrabylgjusviðsins, jafnvel í þúsundir kílómetra.

Íslenskir radióamatörar eiga og reka endurvarpa á 144 MHz, 430 MHz og 1240 MHz tíðnisviðum. Þeir eru staðsettir í Bláfjöllum, á Skálafelli, á Mýrum (í Borgarfirði) og á Vaðlaheiði (milli Eyjafjarðar og Fnjóskadal).

Þá eru reknir radióvitar, með kallmerkið TF1VHF á 50 MHz og 70 MHz. Þeir eru staðsettir á Mýrum í Borgarfirði.

Félagið

ÍRA hefur aðsetur við Skeljanes í Reykjavík. Þar er opið hús fyrir félagsmenn og gesti á fimmtudagskvöldum kl. 20–22. Félagið hefur fundarsal til ráðstöfunar á 1. hæð hússins þar sem m.a. er vísir að bóka- og tímaritasafni og fjarskiptaherbergi fyrir félagsstöðina TF3IRA á 2. hæð.



Félagsaðstaða ÍRA er við Skeljanes. Fjarskiptaherbergi og kortastofa er á efri hæðinni en á þeirri neðri deilum við samkomusal með ORG ættfræðipjónustu.

Tímarit frá landsfélögum radióamatöra liggja frammi í fundarsal og er vinsælt að glugga í þau yfir kaffibolla á fimmtudagskvöldum.

ÍRA heldur námskeið til amatörleyfis vor og haust, sem undanfarin ár hafa verið haldin í Háskólanum í Reykjavík. Stefnt er að því að þau verði einnig í boði í fjarnámi frá árinu 2022. Ekki er gerð krafa um að menn sitji námskeið, heldur geta þeir sem þess óska einfaldlega skráð sig í próf. Það



Námskeið til amatörprófs hafa verið haldin í ÍRA frá árinu 2013.


verður þó að taka fram að ekki er algengt að próftakar hafi þá þekkingu sem þarf til að standast próf án undirbúningsnámskeiðs.

Vönduð vetrardagskrá ÍRA er jafnan í boði vor og haust (október/desember og febrúar/maí). Þá eru haldnir fyrirlestrar um tæknina, fjarskiptin og önnur atriði sem tengjast áhugamálinu. Þessi starfsemi hefur verið vinsæl og fer vaxandi hjá félaginu.

VETRARDAGSKRÁ ÍRA FEBRÚAR-MAÍ 2020									
FEBRÚAR	Vísir	Uppgjafi / Vísir	Fyrirlestur / Vísir	Hæð / Vísir	Vísir / Vísir				
15. febrúar	Félagshúsið	TF1VHF (50 MHz)	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
16. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
17. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
18. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
19. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
20. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
21. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
22. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
23. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
24. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
25. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
26. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
27. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
28. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
29. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
30. febrúar	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
1. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
2. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
3. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
4. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
5. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
6. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
7. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
8. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
9. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
10. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
11. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
12. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
13. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
14. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
15. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
16. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
17. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
18. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
19. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
20. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
21. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
22. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
23. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
24. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
25. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
26. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
27. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
28. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
29. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
30. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			
31. maí	Félagshúsið	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	Ólafur Ólafsson, TF1VHF	20:00-22:00	20:00	Kaflavéngi			

Alls voru 27 viðburðir í boði á vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið febrúar til maí 2020.

ÍRA gefur út félagsblaðið CQ TF, fjórum sinnum á ári. Blaðið veitir innsýn í starf félagsins og starfsemi radióamatöra hér á landi auk þess að birta ýmislegt fræðsluefni tengt áhugamálinu. Hvert blað er á bilinu 40-50 blaðsíður að stærð. Auk þess kemur út ýtarleg ársskýrsla félagsins sem er lögð fram á aðalfundi hverju sinni. ÍRA stendur árlega fyrir fjarskiptaviðburðum. Má nefna Páskaleika (í apríl), VHF/UHF leika (í júlí) og TF útleika (um verslunarmannahelgina). Þessir viðburðir eru til að hvetja til sambanda milli leyfishafa innanlands og þykir mörgum það mikil skemmtun.





Í VHF/UHF leikum ÍRA 2021. Magnús Ragnarsson, TF1MT var staddur á fjallinu Þríhyrningi í 678 m hæð með handstöð og YAGI VHF handloftnet í sambandi við TF1OL á Látrabjargi.

ÍRA styður jafnframt þátttöku félagsmanna í Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni sem ævinlega er haldin 3. helgina í ágústmánuði. Við það tækifæri fara amatörar með tæki og búnað sem þeir setja upp í eða við vita til að hafa sambönd við aðra radióamatöra gjarnan einnig í vitum (eða vitaskipum) um allan heim.



Knarrarósviti er staðsettur sunnan við Stokkseyri. Hann er sá viti sem radióamatörar hafa oftast virkjað á vita- og vitaskipahelgi hér á landi, eða 18 sinnum frá 1998.

Þá má nefna að alþjóðlegar amatörkeppnir eru haldnar meira og minna yfir allt árið. Félagsstöðin, er reglulega virkjuð í slíkum keppnum og er þá notað



Á myndinni er Sigurður R. Jakobsson TF3CW í alþjóðlegri keppni á morsi frá félagsstöðinni TF3IRA.

kallmerkið TF3W. Stöðin hefur oft náð góðum árangri.

ÍRA rekur heimasíðu á netinu www.ira.is sem er hafsjór fróðleiks um ÍRA og almennt um áhugamálið. Félagið stendur jafnframt fyrir Facebook síðunni íslenskir radióamatörar á netinu.



Til félagsins berst oft ýmislegt af tækjum og efniviði sem miðlað er áfram til félagsmanna. Hér eru þeir TF3KB og TF3MH að grúska í dótinu og fundu eflaust eitthvað nýtilegt.

Hér hefur aðeins verið tæpt á kynningu á áhugamálinu amatör radió, auk kynningar á félaginu Íslenskir radióamatörar. Áhugasömum er boðið að líta við í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi. Þar er opið á fimmtudagskvöldum frá kl. 20. og þá má t.d. fylgjast með fjarskiptum frá félagsstöðinni TF3IRA, spyrja spurninga og fá svör.

Greinargott yfirlit má fá um starfsemi félagsins með því að kalla fram Ársskýrslu ÍRA 2020/21. Vefslóð: <https://tinyurl.com/arsskyrsla2021>

Amatör radió er frábært áhugamál. Verið velkomin í ÍRA.